

REGLUGERÐ

um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/634 frá 15. apríl 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulag, færslurnar fyrir Breska konungsríkið og hjálendur krúnunnar Guernsey, Mön og Jersey og skrána yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn mjólkurafurðir, sem gerð er krafa um að fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu vegna gin- og klaufaveiki, til Sambandsins.

2. gr.

Ofangreindar framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar eru birtar sem fylgiskjal 1 og 2 við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lög nr. 60/2006, um varnir gegn fisk-sjúkdómum og lög nr. nr. 71/2008, um fiskeldi. Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum og lögum nr. nr. 71/2008, um fiskeldi, öll með síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. maí 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal 1.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/404**

frá 24. mars 2021

um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429**(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 230. gr.*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er m.a. mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur vegna komu sendinga af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og hún gildir frá og með 21. apríl 2021. Ein af þessum dýraheilbrigðiskröfum er sú að þessar sendingar verða að koma frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði eða hólfi þess í samræmi við 1. mgr. 230. gr. þessar reglugerðar.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna komu sendinga af tilteknum tegundum og flokkum dýra, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum eða svæðum, eða frá hólfum þeirra ef um er að ræða lagareldisdýr. Í a-lið 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er kveðið á um að einungis megi heimila að sendingar af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu, sem falla undir gildissvið hennar, komi inn í Sambandið ef þær koma frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði eða hólfi þess sem er skráð með tilliti til tiltekinnar tegundar og flokka dýra, kímefna og afurða úr dýraríkinu í samræmi við dýraheilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri framseldu reglugerð.
- 3) Því ætti, í þessari reglugerð, að koma á fót skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra, eða hólfi þeirra ef um er að ræða lagareldisdýr, þaðan sem heimila ætti innflutning til Sambandsins á þeim tegundum og flokkum dýra, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu sem falla undir gildissvið framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.
- 4) Sem stendur er mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði eða svæði þeirra, þaðan sem heimilt er að flytja inn tiltekna tegundir og flokka dýra, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins, í nokkrum gerðum framkvæmdastjórnarinnar. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um skrár í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB ⁽³⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 ⁽⁴⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 ⁽⁵⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 ⁽⁶⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 ⁽⁷⁾, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2013 ⁽⁸⁾ og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 ⁽⁹⁾ en þær voru allar felldar úr gildi frá og með 21. apríl 2021 með framseldri reglugerð (ESB) 2020/692. Þar að auki er mælt fyrir um aðrar skrár í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/168/EB ⁽¹⁰⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/636/EB ⁽¹¹⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 ⁽¹²⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/472/ESB ⁽¹³⁾, framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/630/ESB ⁽¹⁴⁾, framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/137/ESB ⁽¹⁵⁾, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/659 og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/294 ⁽¹⁶⁾ en þær eru allar felldar úr gildi með þessari framkvæmdarreglugerð.
- 5) Samkvæmt nýja dýraheilbrigðisrammanum sem komið var á með reglugerð (ESB) 2016/429 þykir rétt að sameina, í einni gerð framkvæmdastjórnarinnar, allar skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild, á grundvelli dýraheilbrigðiskrafna, til að flytja inn sendingar af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu, sem falla undir gildissvið framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, til Sambandsins. Þetta er í samræmi við þá nálgun sem var samþykkt með framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 en þar er, í einni gerð framkvæmdastjórnarinnar, mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur vegna komu þessara sendinga inn í Sambandið. Að auki er í henni kveðið á um meiri samkvæmni og gagnsæi í löggjöf Sambandsins.
- 6) Af þessum sökum ætti að fella ákvarðanir 2006/168/EB og 2008/636/EB, reglugerð (EB) nr. 1251/2008, ákvörðun 2010/472/ESB, framkvæmdarákvarðanir 2011/630/ESB og 2012/137/ESB, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/659 og framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/294 úr gildi frá og með 21. apríl 2021. Í þessari reglugerð ætti því að koma á fót nýjum skrár yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem koma í staðinn fyrir núverandi skrár yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólfi þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn sendingar af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu til Sambandsins. Núverandi skrár eru teknar saman með tilliti til bæði dýraheilbrigðis og matvælaöryggis, þar sem við á. Nýju skrárnar ætti þó að taka saman sitt í hvoru lagi, einkum á grundvelli krafanna um heilbrigði dýra sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/429 og krafanna um matvælaöryggi sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/625.
- 7) Í tilteknum tilvikum uppfylla einungis tiltekin svæði eða hólfi í þriðja landi eða á yfirráðasvæði allar viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og viðeigandi kröfur um heilbrigði dýra sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692. Í slíkum tilvikum ætti einungis að heimila komu tiltekinnna tegunda og flokka dýra, kímefna og afurða úr dýraríkinu inn í Sambandið ef þau koma frá slíkum svæðum eða hólfum í þriðja landi eða á yfirráðasvæði. Í þessari reglugerð ætti því að tilgreina nákvæmlega í hverri skrá þau svæði, eða hólfi ef um er að ræða lagareldisdýr, í þriðju löndum eða á yfirráðasvæðum sem uppfylla þessar kröfur um heilbrigði dýra.

- 8) Í c-lið 231. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að í skránum sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um skv. 1. mgr. 230. gr. þeirrar reglugerðar ætti einnig að tilgreina sérstök skilyrði og dýraheilbrigðisábyrgðir sem varða skráða sjúkdóma sem þriðju löndin eða yfirráðasvæðin eiga að fylgja. Í þessari reglugerð ætti því að kveða á um, þar sem við á, slík sérstök skilyrði og dýraheilbrigðisábyrgðir, að teknu tilliti til sérstaks dýraheilbrigðisástands í þriðja upprunalandi eða -yfirráðasvæði eða svæði þess, eða hólf þess ef um er að ræða lagareldisdýr, ásamt þeim sérstöku tegundum og flokkum dýra, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu sem eiga í hlut.
- 9) Í VI. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 eru settar fram sérreglur um komu sendinga af tilteknum tegundum og flokkum dýra, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið, sem Sambandið er ekki lokaviðtökustaður fyrir, og sendinga af tilteknum tegundum og flokkum dýra, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur. Í þeirri reglugerð er einnig kveðið á um þann möguleika að heimila komu slíkra sendinga, sem uppfylla ekki allar viðeigandi dýraheilbrigðiskröfur vegna komu, inn í Sambandið með fyrirvara um að sérstök skilyrði séu uppfyllt. Í þessari reglugerð ætti því að mæla fyrir um sérstök skilyrði um heilbrigði dýra sem slíkar sendingar ættu að uppfylla til að mega koma inn í Sambandið.
- 10) Samkvæmt EES-samningnum eru EFTA-ríkin innan EES ekki þriðju lönd þegar þau eiga í viðskiptum við aðildarríki Evrópusambandsins á sviðum sem falla undir EES-samninginn.
- 11) Þar eð beita á reglunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, samhliða reglunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429 og í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra, eða hólf þeirra ef um er að ræða lagareldisdýr, þaðan sem heimila skal innflutning til Sambandsins á sendingum af tegundum og flokkum dýra, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu sem falla undir gildissvið framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692. Skrárnar og tilteknar almennar reglur sem varða skrárnar eru settar fram í I. til XXII. viðauka við þessa reglugerð.

Þar er einnig mælt fyrir um sérstök skilyrði og dýraheilbrigðisábyrgðir vegna komu tiltekinna sendinga inn í Sambandið og tilgreindar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum sem þriðja upprunaland eða -yfirráðasvæði sendinganna skal nota.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692.

3. gr.

Skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði eða hólf þeirra þaðan sem innflutningur til Sambandsins á dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu skal heimilaður

1. Lögbært yfirvald skal einungis heimila komu sendinga af tegundum og flokkum dýra, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu, sem falla undir gildissvið framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, inn í Sambandið ef þriðja upprunaland eða -yfirráðasvæði sendingarinnar, eða svæði eða hólf þess, er á skrá að því er varðar þessar tilteknu tegundir og flokka dýra, kímefni eða afurðir úr dýraríkinu og með sendingunni fylgir dýraheilbrigðisvottorð sem krafist er að fylgi sendingum af þessum tegundum og flokkum samkvæmt töflunni sem sett er fram í 1. hluta:

- a) II. viðauka fyrir hóf- og klaufdýr önnur en:
 - i. dýr af hestaætt,
 - ii. hóf- og klaufdýr sem eru ætluð fyrir lokaðar starfsstöðvar,
- b) III. viðauka fyrir hóf- og klaufdýr sem eru ætluð fyrir lokaðar starfsstöðvar,
- c) IV. viðauka fyrir dýr af hestaætt,
- d) V. viðauka fyrir alifugla og kímefni úr alifuglum,
- e) VI. viðauka fyrir fugla í haldi og kímefni úr fuglum í haldi,
- f) VII. viðauka fyrir býflugudrottningar og hunangsflugur,
- g) VIII. viðauka fyrir hunda, ketti og frettur,
- h) IX. viðauka fyrir kímefni úr nautgripum,
- i) X. viðauka fyrir kímefni úr sauðfé og geitum,
- j) XI. viðauka fyrir kímefni úr svinum,
- k) XII. viðauka fyrir kímefni úr dýrum af hestaætt,
- l) XIII. viðauka fyrir nýtt kjöt af hóf- og klaufdýrum,
- m) XIV. viðauka fyrir nýtt kjöt af alifuglum og veiðifuglum,
- n) XV. viðauka fyrir kjötafurðir af hóf- og klaufdýrum, alifuglum og veiðifuglum sem hér segir:
 - i. í A-þætti 1. hluta fyrir kjötafurðir sem hafa fengið ósértæka meðhöndlun A til að draga úr áhættu eða meðhöndlun B, C, eða D fyrir kjötafurðir (í samræmi við XXVI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692),
 - ii. í B-þætti 1. hluta fyrir afurðir af tegundinni biltong/jerky af hóf- og klaufdýrum, alifuglum og veiðifuglum,

- o) XVI. viðauka fyrir garnir,
 - p) XVII. viðauka fyrir mjólk, brodd og afurðir, að stofni til úr broddi, og mjólkurafurðir sem unnar eru úr hrámjólk og mjólkurafurðir sem ekki er gerð krafa um að fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu vegna gin- og klaufaveiki,
 - q) XVIII. viðauka fyrir mjólkurafurðir sem gerð er krafa um að fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu vegna gin- og klaufaveiki,
 - r) XIX. viðauka fyrir egg og eggjaafurðir,
 - s) XX. viðauka fyrir afurðir úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til eigin nota,
 - t) XXI. viðauka fyrir lagardýr af skráðum tegundum sem eru ætluð fyrir lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi en til beinnar neyslu, sem og fyrir tiltekin lagardýr af skráðum tegundum og afurðir úr dýraríkinu af þessum skráðu tegundum sem eru ætlaðar til manneldis.
2. Lögbært yfirvald skal einungis heimila komu sendinga af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum eða svæðum þeirra sem eru skráð í töfluna sem sett er fram í 1. hluta XXII. viðauka ef þær:
- a) eru sendingar af tegundum og flokkum dýra, kímefnum eða afurðum úr dýraríkinu sem um getur í 3. dálki þeirrar töflu og Sambandið er ekki lokaviðtökustaður þeirra,
 - eða
 - b) eru sendingar af tegundum og flokkum dýra, kímefnum eða afurðum úr dýraríkinu sem um getur í 4. dálki þeirrar töflu og eru upprunnar í Sambandinu og endursendar þangað eftir umflutning gegnum þriðja land eða yfirráðasvæði.

4. gr.

Sérstök skilyrði og dýraheilbrigðisábyrgðir vegna komu dýra, kímefna og afurða úr dýraríkinu inn í Sambandið

Aðildarríkin skulu einungis heimila komu sendinga sem falla undir gildissvið framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 inn í Sambandið ef þessar sendingar uppfylla, eftir atvikum, sérstök skilyrði og dýraheilbrigðisábyrgðir sem settar eru fram í viðeigandi viðauka fyrir þessar tilteknu tegundir og flokka dýra, kímefni og afurðir úr dýraríkinu og fyrir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólf þeirra ef um er að ræða lagareldisdýr.

5. gr.

Niðurfellingar

Eftirfarandi gerðir eru felldar úr gildi frá og með 21. apríl 2021:

- Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/168/EB
- Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/636/EB
- Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/472/ESB
- Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/630/ESB
- Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/137/ESB
- Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/659
- Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/294
- Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/585/EB

6. gr.

Umbreytingarákvæði

Koma sendinga til Sambandsins af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum eða svæðum þeirra, sem hafa heimild til innflutnings inn í Sambandið samkvæmt eftirfarandi gerðum framkvæmdastjórnarinnar, ásamt meðfylgjandi viðeigandi vottorði sem er gefið út í samræmi við þessar gerðir framkvæmdastjórnarinnar, skal heimiluð til 20. október 2021, að því tilskildu að vottorðið hafi verið undirritað af einstaklingi sem hafði heimild til að undirrita vottorðið í samræmi við þessar gerðir framkvæmdastjórnarinnar fyrir 21. ágúst 2021:

- Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/168/EB
- Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008
- Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/636/EB
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010
- Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/472/ESB
- Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/630/ESB
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 28/2012
- Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/137/ESB
- Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2013

- Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759
- Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/659
- Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/294.

7. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Ursula VON DER LEYEN

(¹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1).

(²) reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

(³) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB frá 29. nóvember 2007 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og fyrirmyndir að vottorðum vegna innflutnings frá þriðju löndum á tilteknum kjötafurðum og meðhöndluðum mögum, þvagblöðrum og þörnum til mannelis og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/432/EB (Stjtið. ESB L 312, 30.11.2007, bls. 49).

(⁴) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

(⁵) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 frá 9. febrúar 2009 um skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra fyrir innflutning til Bandalagsins eða umflutning um Bandalagið á kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alikaninum og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 12).

(⁶) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).

(⁷) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 frá 2. júlí 2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrá mjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, til mannelis (Stjtið. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 1).

(⁸) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2013 frá 7. janúar 2013 um dýraheilbrigðisskilyrði fyrir innflutningi á tilteknum fuglum til Sambandsins og skilyrði fyrir sóttkvíun þeirra (Stjtið. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 1).

(⁹) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 frá 28. apríl 2016 um skrá yfir þriðju lönd, hluta þriðju landa og yfirráðasvæði þaðan sem aðildarríkin skulu heimila aðflutning til Sambandsins á tilteknum afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis, um að mæla fyrir um kröfur um vottorð, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og um niðurfellingu á ákvörðun 2003/812/EB (Stjtið. ESB L 126, 14.5.2016, bls. 13).

(¹⁰) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/168/OJ frá 4. janúar 2006 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og útgáfu heilbrigðisvottorðs dýralæknis vegna innflutnings í Bandalagið á fósturvísun úr nautgripum og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/217/EB (Stjtið. ESB L 57, 28.2.2006, bls. 19).

(¹¹) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/636/EB frá 22. júlí 2008 um að koma á fót skrá yfir þriðju lönd þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á eggfrumum og fósturvísun svína (Stjtið ESB L 206, 2.8.2008, bls. 32)

(¹²) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdyra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja (Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41).

(¹³) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/472/ESB frá 26. ágúst 2010 um innflutning á sæði, eggfrumum og fósturvísun úr sauðfél og geitum til Sambandsins (Stjtið. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 74).

(¹⁴) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/630/ESB frá 20. september 2011 um innflutning til Sambandsins á sæði húsdýra af nautgripakyni (Stjtið. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 32).

(¹⁵) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/137/ESB frá 1. mars 2012 um innflutning á sæði úr tömdum svinum inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 64, 3.3.2012, bls. 29).

(¹⁶) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/294 frá 18. febrúar 2019 um skrá yfir yfirráðasvæði og þriðju lönd sem hafa leyfi til að flytja hunda, ketti og frettur inn í Sambandið og um fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna slíks innflutnings (Stjtið. ESB L 48, 20.2.2019, bls. 41).

I. VIÐAUKI

Almennar reglur varðandi II. til XXII. viðauka

Í þessum viðauka eru settar fram eftirfarandi almennar reglur sem gilda um II. til XXII. viðauka:

- 1) Ef dýraheilbrigðiskröfur vegna komu sendinga, sem um getur í 3. gr., inn í Sambandið eru uppfylltar fyrir allt yfirráðasvæði þriðja upprunalslands eða -yfirráðasvæði er viðkomandi þriðja land eða yfirráðasvæði skráð með ISO-kóða þess og þar á eftir kemur „0“.
- 2) Ef dýraheilbrigðiskröfur vegna komu sendinga, sem um getur í 3. gr., inn í Sambandið eru einungis uppfylltar fyrir svæði þriðja upprunalslands eða -yfirráðasvæðis er viðkomandi svæði skráð með ISO-kóða þess og þar á eftir kemur önnur tala en „0“.

Þessum svæðum er lýst í 2. hluta viðkomandi viðauka.

- 3) Fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum fyrir sendingarnar sem um getur í 3. gr., eins og tilgreint er í töflunni sem sett er fram í 1. hluta viðkomandi viðauka við þessa reglugerð, eru settar fram í:
 - a) II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/403 ⁽¹⁾,
 - b) III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235,
 - c) II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236.
- 4) Sérstöku skilyrðin, sem um getur í 4. gr., eru sett fram, ef einhver eru, í töflunni sem sett er fram í 1. hluta viðkomandi viðauka og lýst í töflunni sem sett er fram í 3. hluta sama viðauka.
- 5) Dýraheilbrigðisábyrgðirnar, sem um getur í 4. gr., eru settar fram, ef einhverjar eru, í töflunni sem sett er fram í 1. hluta viðkomandi viðauka og lýst í töflunni sem sett er fram í 4. hluta sama viðauka.
- 6) Lokadagsetningarnar og upphafsdagsetningarnar, sem um getur í töflunni sem sett er fram í 1. hluta II. til XXII. viðauka, vísa til sérstakra tímatakmarkana sem gilda um komu sendinga, sem um getur í 3. gr., inn í Sambandið frá viðkomandi svæðum eins og mælt er fyrir um í reglum Sambandsins.
- 7) Kröfurnar um dýraheilbrigðisvottun varðandi Sviss eru með fyrirvara um samninginn milli Evrópuþingins og Ríkjasambandsins Sviss um viðskipti með landbúnaðarafurðir, sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar 2002/309/EB, KBE frá 4. apríl 2002 að því er varðar samning um samstarf á sviði vísinda og tækni eftir niðurstöðu sjö samninga við Ríkjasambandið Sviss (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 1).
- 8) Dýraheilbrigðisvottorðin, sem lögbært yfirvald á Íslandi, á Nýja-Sjálandi og í Kanada skal gefa út í samræmi við II. til XXI. viðauka við þessa reglugerð, falla undir sérstakar vottunarkröfur sem kveðið er á um í viðkomandi samningum milli Sambandsins og þessara þriðju landa.
- 9) Litið er svo á að færslurnar fyrir Ísrael séu vísun til Ísraelsríkis og þær skulu ekki gilda um landsvæði sem hafa verið undir stjórn Ísraelsríkis eftir 5. júní 1967, þ.e.a.s. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.
- 10) Þegar vísað er til Serbíu er yfirráðasvæðið Kósovó, sem nú lýtur alþjóðlegri stjórn samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244 frá 10. júní 1999, ekki meðtalið.
- 11) Þegar vísað er til Kósovó hefur þessi merking ekki áhrif á afstöðu til stöðu hennar og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisfirlýsingu Kósovós.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/403 frá 24. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af tilteknum flokkum landdýra og kímefnum þeirra, opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og niðurfellingu á ákvörðun 2010/470/ESB (Stjtið. ESB L 113, 31.3.2021, bls. 1).

II. VIDAUKI

HÓF- OG KLAUFDÝR (önnur en dýr af hestaætt og hóf- og klaufdýr sem eru ætluð fyrir lokaðar starfsstöðvar)

1. HLUTI

Skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af hóf- og klaufdýrum til Sambandsins (önnur en dýr af hestaætt og hóf- og klaufdýr sem eru ætluð fyrir lokaðar starfsstöðvar) eins og um getur í a-lið 1. liðar 3. gr.

ISO-kóði og heiti þriðja lands eða yfirráðasvæðis	Kóði svæðis eins og sett er fram í 2. hluta	Dýrategundir sem er heimilt að flytja inn í Sambandið	Flokkar sem er heimilt að flytja inn í Sambandið	Dýraheilbrigðisvottorð	Sérstök skilyrði eins og er sett fram í 3. hluta	Dýraheilbrigðisábyrgðir eins og er sett fram í 4. hluta	Lokadagsetning	Upphafsdagsetning
1	2	3	4	5	6	7	8	9
CA Kanada	CA- 0	Nautgripir	Dýr sem eru áfram í haldi ⁽¹⁾	BOV-X		SF-BTV		
		Sauðfé og geitur	Dýr sem eru áfram í haldi ⁽¹⁾ og eru ætluð til slátrunar	OV/CAP-X, OV/CAP-Y		BRU, SF-BTV		
		Svín	Dýr sem eru áfram í haldi ⁽¹⁾	SUI-X		ADV		
		Dýr af úlfaldaætt	Dýr sem eru áfram í haldi ⁽¹⁾	CAM-CER		SF-BTV		
		Önnur hóf- og klaufdýr	Dýr sem eru áfram í haldi ⁽¹⁾	RUM, RHINO, HIPPO		SF-BTV ⁽²⁾		
CH Sviss	CH - 0	Með fyrirvara um samninginn sem um getur í 7. lið I. viðauka						
CL Chile (Sile)	CL - 0	Nautgripir	Dýr sem eru áfram í haldi ⁽¹⁾	BOV-X				
		Sauðfé og geitur	Dýr sem eru áfram í haldi ⁽¹⁾	OV/CAP-X		BRU		

		Svín	Dýr sem eru áfram í haldi (!)	SUI-X				
		Dýr af úlfaldaætt	Dýr sem eru áfram í haldi (!)	CAM-CER				
		Hjartardýr	Dýr sem eru áfram í haldi (!)	CAM-CER				
		Önnur hóf- og klaufdýr	Dýr sem eru áfram í haldi (!)	RUM, RHINO, HIPPO				
GL Grænland	GL - 0	Sauðfé og geitur	Dýr sem eru áfram í haldi (!)	OV/CAP-X				
		Dýr af úlfaldaætt	Dýr sem eru áfram í haldi (!)	CAM-CER				
		Hjartardýr	Dýr sem eru áfram í haldi (!)	CER-X				
		Önnur hóf- og klaufdýr	Dýr sem eru áfram í haldi (!)	RUM, RHINO, HIPPO				
IS Ísland	IS - 0	Nautgripir	Dýr sem eru áfram í haldi (!) og eru ætluð til slátrunar	BOV-X, BOV-Y				
		Sauðfé og geitur	Dýr sem eru áfram í haldi (!) og eru ætluð til slátrunar	OV/CAP-X, OV/CAP-Y				
		Svín	Dýr sem eru áfram í haldi (!) og eru ætluð til slátrunar	SUI-X, SUI-Y	CSF			
		Dýr af úlfaldaætt	Dýr sem eru áfram í haldi (!) og eru ætluð til slátrunar	CAM-CER				
		Hjartardýr	Dýr sem eru áfram í haldi (!) og eru ætluð til slátrunar	CAM-CER				
		Önnur hóf- og klaufdýr	Dýr sem eru áfram í haldi (!)	RUM, RHINO, HIPPO				
NZ Nýja-Sjáland	NZ - 0	Nautgripir	Dýr sem eru áfram í haldi (!) og eru ætluð til slátrunar	BOV-X, BOV-Y		BRU, TB		
		Sauðfé og geitur	Dýr sem eru áfram í haldi (!) og eru ætluð til slátrunar	OV/CAP-X, OV/CAP-Y		BRU		
		Svín	Dýr sem eru áfram í haldi (!) og eru ætluð til slátrunar	SUI-X, SUI-Y				
		Dýr af úlfaldaætt	Dýr sem eru áfram í haldi (!) og eru ætluð til slátrunar	CAM-CER				
		Hjartardýr	Dýr sem eru áfram í haldi (!) og eru ætluð til slátrunar	CAM-CER				
		Önnur hóf- og klaufdýr	Dýr sem eru áfram í haldi (!)	RUM, RHINO, HIPPO				
US Bandaríkin	US - 0	Svín	Dýr sem eru áfram í haldi (!)	SUI-X				

2. HLUTI

Lýsingar á svæðum þriðju landa eða yfirráðasvæða sem um getur í 2. dálki í töflunni sem er sett fram í 1. hluta

Engar.

3. HLUTI

Sérstök skilyrði sem um getur í 6. dálki í töflunni sem er sett fram í 1. hluta

CSF	Sendingar af svínunum frá svæðinu sem um getur í 2. dálki í töflunni sem er sett fram í 1. hluta verða að fara í prófun, með neikvæðum niðurstöðum, til að greina svínapest innan 30 daga fyrir sendingu til Sambandsins.
-----	---

4. HLU TI

Dýraheilbrigðisábyrgðir sem um getur í 7. dálki í töflunni sem er sett fram í 1. hluta

BRU	Sambandið hefur viðurkennt þá stöðu þriðja landsins, yfirráðasvæðisins eða svæðisins að vera laust við sýkingu af völdum <i>Brucella abortus</i> , <i>B. melitensis</i> og <i>B. suis</i> að því er varðar tilteknu dýrategundirnar sem um getur í 3. dálki í samræmi við 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692
TB	Sambandið hefur viðurkennt þá stöðu þriðja landsins, yfirráðasvæðisins eða svæðisins að vera laust við sýkingu af völdum samsetninga <i>Mycobacterium tuberculosis</i> (<i>M. bovis</i> , <i>M. caprae</i> , <i>M. tuberculosis</i>) að því er varðar tilteknu dýrategundirnar sem um getur í 3. dálki í samræmi við 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692
BTV	Sambandið hefur viðurkennt þá stöðu þriðja landsins, yfirráðasvæðisins eða svæðisins að vera laust við sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerð 1–24) að því er varðar tilteknu dýrategundirnar sem um getur í 3. dálki í samræmi við 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692
SF-BTV	Sambandið hefur viðurkennt þá stöðu þriðja landsins, yfirráðasvæðisins eða svæðisins að vera árstíðabundið laust við sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerð 1–24) að því er varðar tilteknu dýrategundirnar sem um getur í 3. dálki í samræmi við 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692
SF-EHD	Sambandið hefur viðurkennt þá stöðu þriðja landsins, yfirráðasvæðisins eða svæðisins að vera árstíðabundið laust við sýkingu af völdum EHD-sjúkdómsveiru að því er varðar tilteknu dýrategundirnar sem um getur í 3. dálki í samræmi við 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692
EBL	Sambandið hefur viðurkennt þá stöðu þriðja landsins, yfirráðasvæðisins eða svæðisins að vera laust við smitandi hvítblæði í nautgripum að því er varðar tilteknu dýrategundirnar sem um getur í 3. dálki í samræmi við 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692
IBR	Sambandið hefur viðurkennt þá stöðu þriðja landsins, yfirráðasvæðisins eða svæðisins að vera laust við smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu að því er varðar tilteknu dýrategundirnar sem um getur í 3. dálki í samræmi við 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692
BVD	Sambandið hefur viðurkennt þá stöðu þriðja landsins, yfirráðasvæðisins eða svæðisins að vera laust við smitandi slímhúðarpest í nautgripum að því er varðar tilteknu dýrategundirnar sem um getur í 3. dálki í samræmi við 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692
ADV	Sambandið hefur viðurkennt þá stöðu þriðja landsins, yfirráðasvæðisins eða svæðisins að vera laust við sýkingu af völdum Aujeskysveikiveiru að því er varðar tilteknu dýrategundirnar sem um getur í 3. dálki í samræmi við 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692

(¹) „Dýr sem eru áfram í haldi“: dýr sem eru ætluð til starfsstöðva sem eru með lifandi dýr í haldi, annarra en sláturhúsa.

(²) Gildir einungis um skráðar dýrategundir í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1882 (Stjtið. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).

III. VIÐAUKI

HÓF- OG KLAUFDÝR SEM ERU ÆTLUÐ FYRIR LOKAÐAR STARFSSTÖÐVAR

1. HLU TI

Skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af hóf- og klaufdýrum, sem eru ætluð fyrir lokaðar starfsstöðvar, til Sambandsins eins og um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr.

Koma sendinga til Sambandsins af hóf- og klaufdýrum, að undanskildum dýrum af hestaætt, frá öllum þriðju löndum og yfirráðasvæðum, sem eru skráð í töflunni sem sett er fram í þessum hluta, er heimiluð frá lokuðum starfsstöðvum, sem eru skráðar í samræmi við 29. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, til lokaðra starfsstöðva í Sambandinu.

ISO-kóði og heiti þriðja lands eða yfirráðasvæðis	Kóði svæðis eins og sett er fram í 2. hluta	Dýraheilbrigðisvottorð	Sérstök skilyrði eins og er sett fram í 3. hluta	Dýraheilbrigðisábyrgðir eins og er sett fram í 4. hluta
1	2	3	4	5
AL Albanía	AL-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUL, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
AR Argentína	AR-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUL, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
AU Ástralía	AU-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUL, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
BA Bosnía og Hersegóvína	BA-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUL, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
BH Barein	BH-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUL, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
BR Brasilía	BR-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUL, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
BW Botsvana	BW-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUL, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
BY Belarús (Hvíta-Rússland)	BY-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUL, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		

BZ Belís	BZ-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
CA Kanada	CA-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
CH Sviss	CH-0	Með fyrirvara um samninginn sem um getur í 7. lið I. viðauka		
CL Chile (Síle)	CL-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
CN Kína	CN-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
CO Kólumbía	CO-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
CR Costa Rica	CR-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
CU Kúba	CU-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
DZ Alsír	DZ-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
ET Eþíópía	ET-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
FK Falklandseyjar	FK-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
GL Grænland	GL-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
GT Gvatemala	GT-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
HK Hong Kong	HK-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
HN Hondúras	HN-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
IL Ísrael	IL-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
IN Indland	IN-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
IS Ísland	IS-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
JP Japan	JP-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
KE Kenya	KE-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
MA Marokkó	MA-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
ME Montenegro (Svartfjallaland)	ME-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
MG Madagaskar	MG-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
MK Lýðveldið Norður-Makedónía	MK-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
MU Máritíus	MU-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
MX Mexíkó	MX-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
NA Namibía	NA-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
NC Nýja-Kaledónía	NC-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
NI Níkaragva	NI-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		

NZ Nýja-Sjáland	NZ-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
PA Panama	PA-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
PY Paragvæ	PY-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
RS Serbía	RS-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
RU Rússland	RU-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
SG Singapúr	SG-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
SV El Salvador	SV-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
SZ Esvatíní	SZ-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
TH Taíland	TH-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
TN Túnis	TN-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
TR Tyrkland	TR-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
UA Úkraína	UA-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
US Bandaríkin	US-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
UY Úrúgvæ	UY-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
ZA Suður-Afríka	ZA-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		
ZW Zimbabwe	ZW-0	CONFINED-RUM, CONFINED-SUI, CONFINED-TRE, CONFINED-HIPPO		

2. HLUTI

Lýsingar á svæðum þriðju landa eða yfirráðasvæða sem um getur í 2. dálki í töflunni sem er sett fram í 1. hluta Engar.

3. HLUTI

Sérstök skilyrði sem um getur í 4. dálki í töflunni sem er sett fram í 1. hluta Engin.

4. HLUTI

Dýraheilbrigðisábyrgðir sem um getur í 5. dálki í töflunni sem er sett fram í 1. hluta Dýraheilbrigðisábyrgðir, sem kveðið er á um í töflunni sem er sett fram í 4. hluta II. viðauka, gilda.

IV. VIDAUKI
DÝR AF HESTAÆTT

1. HLU TI

Skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af dýrum af hestaætt til Sambandsins eins og um getur í c-lið 1. liðar 3. gr.

ISO-kóði og heiti þriðja lands eða yfirráðasvæðis	Svæði eins og er sett fram í 2. hluta II. viðauka	Heilbrigðis hópur	Flokkar sem er heimilt að flytja inn í Sambandið	Dýraheilbrigðis-vottorð	Sérstök skilyrði eins og er sett fram í 3. hluta	Dýraheilbrigðis-ábyrgðir eins og er sett fram í 4. hluta	Loka-dagsetning	Upphafsdagsetning
1	2	3	4	5	6	7	8	9
AE Sameinuðu arabísku furstadæmin	AE - 0	E	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
AR Argentína	AR - 0	D	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaætt, önnur dýr af hestaætt sem ekki eru ætluð til slátrunar, dýr af hestaætt sem eru ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-Y, EQUI-TRANSIT-Y, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
AU Ástralía	AU - 0	A	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaætt, önnur dýr af hestaætt sem ekki eru ætluð til slátrunar, dýr af hestaætt sem eru ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-Y, EQUI-TRANSIT-Y, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
BA Bosnía og Hersegóvina	BA-0	B	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30 EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
BB Barbados	BB - 0	D	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
BH Barein	BH - 0	D	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
BM Bermúdaeyjar	BM - 0	D	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X,				

				EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
BO Bólvía	BO - 0	D	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
BR Brasíía	BR-1	D	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
BY Belarús (Hvita-Rússland)	BY - 0	B	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaett, önnur dýr af hestaett sem ekki eru ætluð til slátrunar, dýr af hestaett sem eru ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-Y, EQUI-TRANSIT-Y, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
CA Kanada	CA - 0	C	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaett, önnur dýr af hestaett sem ekki eru ætluð til slátrunar, dýr af hestaett sem eru ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-Y, EQUI-TRANSIT-Y, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
CH Sviss	CH-0	A	Með fyrirvara um samninginn sem um getur í 7. lið I. viðauka					
CL Chile (Síle)	CL-0	C	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaett, önnur dýr af hestaett sem ekki eru ætluð til slátrunar, dýr af hestaett sem eru ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-Y, EQUI-TRANSIT-Y, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
CN Kína	CN-1	G	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
	CN-2	G	Skráðir hestar	EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP				

CR Costa Rica	CR-1	D	Skráðir hestar	EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
CU Kúba	CU-0	D	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
DZ Alsír	DZ-0	E	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaætt, önnur dýr af hestaætt sem ekki eru ætluð til slátrunar, dýr af hestaætt sem eru ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-Y, EQUI-TRANSIT-Y, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
EG Egyptaland	EG-1	E	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X,				
FK Falklandseyjar	FK-0	A	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaætt, önnur dýr af hestaætt sem eru ekki ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
GL Grænland	GL-0	A	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaætt, önnur dýr af hestaætt sem ekki eru ætluð til slátrunar, dýr af hestaætt sem eru ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-Y, EQUI-TRANSIT-Y, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
HK Hong Kong	HK-0	G	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
IL Ísrael	IL-0	E	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaætt, önnur dýr af hestaætt sem ekki eru ætluð til slátrunar, dýr af hestaætt sem eru ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-Y, EQUI-TRANSIT-Y, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
IS Ísland	IS-0	A	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaætt, önnur dýr af hestaætt sem ekki eru ætluð til slátrunar, dýr af	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-Y, EQUI-TRANSIT-Y,				

			hestaætt sem eru ætluð til slátrunar	EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
JM Jamaika	JM-0	D	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
JO Jórdanía	JO-0	E	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
JP Japan	JP-0	G	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
KG Kirgistan	KG-1	B	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X				
KR Suður-Kórea	KR-0	G	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
KW Kúveit	KW-0	E	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE			28.11.2019	27.11.2020
LB Líbanon	LB-0	E	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
MA Marokkó	MA-0	E	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaætt, önnur dýr af hestaætt sem ekki eru ætluð til slátrunar, dýr af hestaætt sem eru ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-Y, EQUI-TRANSIT-Y, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				

ME Montenegro (Svartfjallaland)	ME-0	B	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaett, önnur dýr af hestaett sem ekki eru ætluð til slátrunar, dýr af hestaett sem eru ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-Y, EQUI-TRANSIT-Y, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
MK Lýðveldið Norður- Makedónía	MK-0	B	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaett, önnur dýr af hestaett sem ekki eru ætluð til slátrunar, dýr af hestaett sem eru ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-Y, EQUI-TRANSIT-Y, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
MO Makaó	MO-0	G	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
MY Malasía	MY-1	E	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE			07.09.2020	
MU Máritíus	MU-0	E	Skráðir hestar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X				
MX Mexikó	MX-1	C	Skráðir hestar	EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
	MX-2	C	Skráðir hestar, skráð dýr af hestaett, önnur dýr af hestaett sem eru ekki ætluð til slátrunar	EQUI-X, EQUI-TRANSIT-X, EQUI-RE-ENTRY-30, EQUI-RE-ENTRY-90-COMP, EQUI-RE-ENTRY-90-RACE				
